

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

gjörir kunnugt:

Að hér með staðfestist skipulagsskrá fyrir **Vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands**, sem fest er hér við og geymd er hjá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra í staðfestu ljósriti.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra 17. febrúar 2016.


Björn Hrafnkelsson, ft.



Rustur Þóringu'ne.

Staðfesting
á skipulagsskrá fyrir,
Vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands.

Gjald kr.7.500,-



SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands

1. gr.

Heiti.

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands.

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá sem og reglugerð nr. 140/2008 um sama efni.

2. gr.

Heimilisfang og varnarþing.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Markmið.

Tilgangur sjóðsins er að efla íslenskar vísindarannsóknir á krabbameinum, m.a. með því að styrkja með fjárframlögum rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga. Með hliðsjón af því stofnframlagi sem kemur úr sjóði Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna er sérstaklega tekið fram að sjóðurinn styrkir rannsóknir krabbameina í börnum og unglingum og aðhlyningu krabbameinssjúkra barna.

4. gr.

Stofnendur og stofnframlag.

Stofnendur Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands eru Krabbameinsfélag Íslands, kt. 700169-2789, Krabbameinsfélag Reykjavíkur, kt. 700169-3329, Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis, kt. 440681-0269, Krabbameinsfélag Borgarfjarðar, kt. 450793-2569, Krabbameinsfélag Snæfellsness, kt. 650107-0200, Krabbameinsfélag Breiðfirðinga, kt. 470406-2400, Krabbameinsfélagið Sigurvon, kt. 470102-4540, Krabbameinsfélag Hvammstangalækniheraðs, kt. 410695-2949, Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu, kt. 651089-1239, Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis, kt. 520281-0109, Krabbameinsfélag Suður-Pingeyinga, kt. 560594-2599, Krabbameinsfélag Norðausturlands, kt. 600112-0150, Krabbameinsfélag Austurlands, kt. 700993-2489, Krabbameinsfélag Austfjarða, kt. 551001-3340, Krabbameinsfélag Suðausturlands, kt. 420102-2080, Krabbameinsfélag Árnassýslu, kt. 430797-2209, Krabbameinsfélag Suðurnesja, kt. 431095-2469, Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar, kt. 560392-2069, Kraftur, kt. 571199-3009, Ný rödd, kt. 530298-2649, Brjóstaheill – Samhjálp kvenna, kt. 680501-3510, Stómasamtök Íslands, kt. 570883-0899 og Styrkur, kt. 710889-1479. Jafnframt renna Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson og sjóður Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna inn í hinn nýja sjóð.

Heildarstofnfé sjóðsins er 254.612.044 kr., þar af er óskerðanlegur hluti stofnframlags 20.000.000 kr.

Stofnframlag skiptist sem hér greinir:

| | |
|--|-----------------|
| Krabbameinsfélag Íslands | 150.000.000 kr. |
| Krabbameinsfélag Reykjavíkur | 10.000.000 kr. |
| Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis | 250.000 kr. |
| Krabbameinsfélag Borgarfjarðar | 100.000 kr. |
| Krabbameinsfélag Snæfellsness | 1.000.000 kr. |

| | |
|--|----------------|
| Krabbameinsfélag Breiðfirðinga | 100.000 kr. |
| Krabbameinsfélagið Sigurvon | 100.000 kr. |
| Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs | 100.000 kr. |
| Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu | 100.000 kr. |
| Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis | 500.000 kr. |
| Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga | 500.000 kr. |
| Krabbameinsfélag Norðausturlands | 100.000 kr. |
| Krabbameinsfélag Austurlands | 50.000 kr. |
| Krabbameinsfélag Austfjarða | 100.000 kr. |
| Krabbameinsfélag Suðausturlands | 500.000 kr. |
| Krabbameinsfélag Árnessýslu | 100.000 kr. |
| Krabbameinsfélag Suðurnesja | 500.000 kr. |
| Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar | 100.000 kr. |
| Kraftur | 100.000 kr. |
| Ný rödd | 50.000 kr. |
| Brjóstaheill – Samhjálp kvenna | 200.000 kr. |
| Stómasamtök Íslands | 300.000 kr. |
| Styrkur | 50.000 kr. |
| Sjóður Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna | 66.123.870 kr. |
| Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson | 23.588.174 kr. |

5. gr.

Stjórn.

Stjórn Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands skipa sjö einstaklingar tilnefndir til tveggja ára í senn af stjórn Krabbameinsfélags Íslands og fimm til vara. Formaður skal skipaður sérstaklega en aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum. Enginn getur setið í stjórn Vísindasjóðs lengur en sex ár í senn. Við fyrstu skipun stjórnar skulu þrír stjórnarmanna tilnefndir til eins árs og fjórir til tveggja ára, þar á meðal formaður stjórnar.

Ákvarðanir stjórnar eru teknar með meirihluta atkvæða. Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun fyrir venjuleg stjórnarstörf.

Stjórn sjóðsins mótar stefnu hans og setur úthlutunarreglur þar sem fjallað er um umsóknir, matsferli, kynningar, skil á niðurstöðum og styrki. Jafnframt setur stjórnin sér starfsreglur þar sem m.a. er fjallað um skilyrði þess að gerast styrktaraðili sjóðsins, sbr. 7. gr.

Stjórnin ber ábyrgð á því að úthlutun styrkja sé í samræmi við skipulagsskrá þessa. Hún ber ábyrgð á ávöxtun sjóðsfjár og er heimilt að fela viðurkenndum fjárvörsluaðila umsjón með fjármunum sjóðsins. Stofnframlag og aðrar eigur sjóðsins skal ávaxta með tryggilegum hætti.

Stjórnin skal eigi síðar en 1. maí ár hvert skila stjórn Krabbameinsfélagsins skýrslu um störf á liðnu starfsári, sem birta skal opinberlega. Stjórnin hefur aðgang að húsnæði og annarri aðstöðu á vegum Krabbameinsfélagsins og nýtur aðstoðar starfsmanna þess við störf sín samkvæmt ákvörðun forstjóra félagsins.

6. gr.

Fundarboðun og málsmeðferð.

Boða skal stjórnarfundum með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun, t.d. staðfestingu úthlutunar- og starfsreglna og úthlutun styrkja, má taka fyrir hönd sjóðsins nema stjórnin sé fullskipuð, eftir atvikum með aðkomu varamanna. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

7. gr.

Tekjur og styrktaraðilar.

Tekjur Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands auk vaxta af stofnframlagi eru minningargjafir, erfðagjafir, aðrar gjafir, áheiti og önnur framlög sjóðnum til styrktar.

Fyrirtæki eða einstaklingar geta orðið styrktaraðilar sjóðsins að uppfylltum skilyrðum í starfsreglum sjóðsins. Meðal skilyrða sem uppfylla þarf er að framlög séu að ákveðnu lágmarki og/eða til tiltekins tíma og að starfsemi viðkomandi styrktaraðila sé ekki í andstöðu við gildi og stefnu Krabbameinsfélagsins.

8. gr.

Ráðstöfunarfé og styrkveitingar.

Sjóðsstjórn hefur árlega til ráðstöfunar tekjur sjóðsins á liðnu starfsári, þar með taldar vaxtatekjur. Jafnframt hefur sjóðsstjórn heimild til þess að verja allt að 10% af höfuðstól sjóðsins til styrkveitinga án þess þó að ganga á óskerðanlegan hluta sjóðsins, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki í byrjun febrúar ár hvert og annast styrkveitingar úr sjóðnum að fenginni umsögn Vísindaráðs Krabbameinsfélagsins. Hlutverk Vísindaráðs er að leggja mat á gæði umsókna, færni rannsakenda o.fl. samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum sjóðsstjórnar sbr. 3. mgr. 5. gr.

Við ákvörðun um úthlutun styrkja skal sérstaklega horft til þess að hluti verkefna uppfylli skilyrði sjóðs Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna. Slíkt er unnt að gera í árlegri úthlutun eða stærri úthlutun á allt að fimm ára fresti samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

9. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta. Stjórn sjóðsins skal ganga frá reikningum næstliðins árs fyrir 1. maí ár hvert.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem skipaður er af stjórn sjóðsins. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningsskil sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

10. gr.

Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóði eða leggja hann niður þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins og stjórnar Krabbameinsfélags Íslands. Slíkt skal einnig borið undir sýslumanninn á Norðurlandi vestra til staðfestingar. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna óskiptar til vísindarannsóknna á krabbameinum m.a. að teknu tilliti til sérstakra fyrirmæla í skipulagsskrá sjóðs Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna.

11. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 16. desember 2015

Undirskriftir stofnenda og fulltrúa þeirra

fyrir hönd Krabbameinsfélags Íslands



Jakob Jóhannsson

fyrir hönd aðildarfélaga
Krabbameinsfélags Íslands



Ragnheiður Haraldsdóttir

fyrir hönd Sjóðs Kristínar Björnsdóttur
fyrirverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna



Jón Þorkelsson

fyrir hönd Minningarsjóðs
Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson



Guðrún Sigurjónsdóttir

Undirskriftir stjórnar Vísindasjóðsins Krabbameinsfélags Íslands


Stefán Eiríksson


Sigríður Gunnarsdóttir


Magnús Karl Magnússon


Guðbjörg Edda Eggertsdóttir



Magnús Pétursson



Hermann Eyjólfsson



Tinna Laufey Ásgeirsdóttir


Í varastjórn


Anna Kristín Jónsdóttir


Ásgerður Sverrisdóttir


Arni Þór Arnason


Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir


Sigurður B. Stefánsson

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Samtákröki 17. febrúar 2016

Björn Hrafnkellsson, ftr.



